




Ársskýrsla 2018

25
ára
1994
2019



Samtök
iðnaðarins



Menntun



Nýsköpun



Starfsumhverfi



Innviðir

Hlutverk og framtíðarsýn

- Samtök iðnaðarins **efla** íslenskan iðnað og **auka samkeppnishæfni** hans
- Iðnaður í fararbroddi drifinn áfram af **stöðugum umbótum** í menntun, nýsköpun, starfsumhverfi og innviðum sem leiðir til aukinnar framleiðni og hagsældar
- Skapa aðstæður sem **uppfylla markmið** okkar um **gott samfélag** og **samkeppnishæft umhverfi**

Gildi

- **Fagmennska** – Vönduð vinnubrögð, nýjar upplýsingar og þekking á viðfangsefnum
- **Samvinna** – Samstarf starfsmanna og félagsmanna við stjórnvöld, stofnanir, fjölmiðla og önnur samtök
- **Áræðni** – Forsenda árangurs – Höfum kjark og þor til að takast á við krefjandi verkefni í þágu íslensks iðnaðar

25
ára
1994
2019



Samtök
iðnaðarins

Ávarp formanns SI

Í ár minnumst við þeirra tímamóta að 25 ár eru liðin frá því að Samtök iðnaðarins tóku formlega til starfa þegar sameinuð voru sex helstu samtök iðnaðar: Félag íslenskra iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Félag íslenskra prentiðnaðarins, Verktaka-samband Íslands, Samband málm- og skipasmiðja og Meistara- og verktakasamband byggingamanna.

Höfuðmarkmið hinna nýstofnuðu samtaka voru að auka áhrif iðnaðarins í þjóðfélaginu, vinna að bættum starfsskilyrðum, hvetja til hagkvæmni í rekstri og leggja áherslu á menntamál. Enn eru þessi málefni kjarninn í starfsemi Samtaka iðnaðarins, menntun, nýsköpun, starfsumhverfi og innviðir.

Í dag eru rúmlega 1.400 fyrirtæki innan okkar vébanda. Þau eru ólík bæði hvað varðar starfsemi sem og stærð en þrátt fyrir það eiga allir félagsmenn sameiginlegan þráð sem við reynum að miða alla okkar starfsemi að. Vitaskuld er það svo á stóru heimili að skoðanir eru skiptar en það sem sameinar okkur er mikilvægi iðnaðar fyrir íslenskt efnahagslíf og að hlúa betur að iðnaðinum.

Á þeim 25 árum sem liðin eru frá stofnun SI hafa samtökin orðið að stærstu og öflugustu hagsmunasamtökum á Íslandi. Þeim árangri ber ekki síst að þakka því fólki sem stóð í stafni í upphafi og sá fyrir sér mikilvægi þess að við stæðum þétt saman og ynnum saman að eflingu iðnaðar á Íslandi. Þannig myndum við ná enn meiri árangri. Formenn þessara sex samtaka sem stóðu að stofnuninni eiga heiður skilinn fyrir framsýnina og er ég þess fullviss að það hafi verið mikið gæfuspor að ganga götuna saman til góðs.

Starfsemi samtakanna var gríðarlega öflug á síðasta ári. Rík áhersla var lögð á málefna-starf með mikilli aðkomu félagsmanna þar sem samkeppnishæfni var í brennidepli og lagðar fram hugmyndir SI til að Ísland verði í fremstu röð hvað varðar efnahagslega hagsæld. Samtökin gáfu út tvær ítarlegar skýrslur um samkeppnishæfni og atvinnustefnu þar sem staðan var greind og helstu áskoranir dregnar fram annars vegar og hins vegar horft til framtíðar. Efni þeirra var kynnt sérstaklega á fundi í nóvember. Því til viðbótar var sérstök útgáfa um menntamál og nýsköpun þar sem ítarlegri grein var gerð fyrir tillögum samtakanna. Þá má nefna aukna áherslu á húsnæðis- og byggingamál sem skilaði sér að lokum í því að sérstakur átaks- hópur á vegum stjórnvalda, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins skilaði ítarlegum tillögum í byrjun árs 2019.



Nú eru blikur á lofti á vinnumarkaði. Undanfarnar vikur hafa laun- þegar og atvinnurekendur tekist á um það svigrúm sem til skiptanna er í atvinnulífínu. Ljóst er að nú þegar ber mikið á milli og erfitt er að sjá hvernig hægt sé að mæta kröfum launþega. Ljóst er að hagkerfið er tekið að kólna og því brýnt að við göngum ekki á höfuðstólinn heldur viðhöldum þeim stöðugleika og efnahagslegum ábata sem hér hefur verið undanfarin ár. Það má aldrei gleymast að vinnumarkaðurinn er sameiginlegt verkefni atvinnurekenda og launþega og ábyrgð aðila mikil að hér á landi verði áfram gott að vera fyrir bæði fólk og fyrirtæki.

Í gegnum áratugina hefur iðnaður verið hryggjarstykkið í íslensku hagkerfi enda er umfang iðnaðar mikið hér á landi.

Ég færi félagsmönnum, stjórn og starfsmönnum þakkir fyrir einkar ánægjulegt samstarf á árinu og óska Samtökum iðnaðarins velfarnaðar á nýju starfsári sem og um alla framtíð.

Guðrún Hafsteinsdóttir

Ársskýrsla 2018

Innan Samtaka iðnaðarins eru 1.400 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda. Þau eru ólík innbyrðis, hvort sem litið er til stærðar, starfsemi eða markaða. Þessi mikla fjölbreytni gerir starfið í senn vandasamt og nauðsynlegt. Þess er gætt að leggja áherslu á það sem er sameiginlegt en um leið er hlúð að því sértæka. Þetta hefur tekist með svo farsælum og árangursríkum hætti að Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda í landinu.

Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum í nánu samráði við einstaka starfsgreinahópa og aðildarfyrirtæki

Mars 2019

Útgefandi: Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35, 105 Reykjavík


Sími 591 0100, móttaka@si.is, www.si.is

Ábyrgðarmaður: Sigurður Hannesson

Ritstjórn: Margrét Kristín Sigurðardóttir, margret@si.is

Hönnun og umbrot: Hvíta húsið

Prentun: Litróf

An aerial photograph of a river delta, showing a complex network of light-colored, winding channels branching out from a darker, more uniform body of water. The channels create a web-like pattern across the landscape. A semi-transparent white rectangular box is positioned in the center of the image, containing the text "Stjórn SI".

Stjórn SI

Stjórn SI 2018

Stjórn Samtaka iðnaðarins ber ábyrgð á stefnumörkun og áherslu í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til 12 formlegra stjórnarfunda. Reglur um stjórnarsetu eru þannig úr garði gerðar að sífelld endurnýjun á sér stað innan stjórnarinnar en einn helsti styrkur SI er að enginn getur setið þar lengur en í sex ár. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti en formaður árlega.



Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður, Kjöris



Árni Sigurjónsson,
varaformaður, Marel



Birgir Örn Birgisson,
Pizza-Pizza



Egill Jónsson,
Össur



Katrín Pétursdóttir,
Lýsi



Lárus Andri Jónsson,
Raffjónustan



María Bragadóttir,
Alvogen Iceland



Ragnar Guðmundsson,
Norðurál



Sigurður R. Ragnarsson,
ÍAV



Valgerður Hrunn Skúladóttir,
Sensa

Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fór fram á aðalfundi SI sem haldinn var í Norðurljósum í Hörpu. Kjörið fór fram með netkosningu og voru úrslit kynnt á lönþingi. Vægi félagsmanna tekur mið af greiddum félagsgjöldum.

Guðrún Hafsteinsdóttir var endurkjörin formaður Samtaka iðnaðarins.

Alls gáfu átta kost á sér til almennrar stjórnarsetu. Kosið var um fimm almenn stjórnarsæti og hlutu þessi flest atkvæði: Árni Sigurjónsson, yfirlögfræðingur Marel, Birgir Örn Birgisson, framkvæmdastjóri Domino's, Egill Jónsson, framkvæmdastjóri framleiðslusviðs Össurar, María Bragadóttir, VP Strategic Partnership og framkvæmdastjóri Alvogen Iceland, Valgerður Hrunn Skúladóttir, framkvæmdastjóri Sensa.

Í varastjórn sitja Guðmundur Skúli Viðarsson, ljósmyndari og eigandi Myndsköpun Ljósmyndagerð, og Agnes Ósk Guðjónsdóttir, GK Smyrtistofa. Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Ísam, var einnig í varastjórn en hætti á árinu.

A stylized world map is centered on a dark blue background. The map is composed of intricate, glowing circuit lines in light blue, orange, and yellow. These lines form the continents and are interspersed with small white and orange dots, suggesting nodes or data points. The overall aesthetic is high-tech and digital.

Lönping 2018

- Virkjum tækifæri
- Fjárfesting í dag er hagvöxtur á morgun
- Menntakerfið er ekki eyland
- Leitin að stöðugleika
- Áræðni, ný hugsun og djörf framtíðarsýn

Ályktun Iðnpings 2018

Ísland í fremstu röð – eflum samkeppnishæfnina

Alþjóðleg samkeppnishæfni hvers lands er ein af lykilforsendum bættra lífskjara. Með markvissri stefnumótun vinna stjórnvöld í flestum ríkjum heims að því að bæta stöðu síns lands í samkeppni við önnur ríki. Skýr sýn, fúlaus framkvæmd og markviss eftirfylgni leiðir til raunverulegra umbóta og leggur grunn að auknum lífsgæðum. Með því að nálgast málin á heildstæðan hátt næst meiri árangur en með því að líta eingöngu til afmarkaðra þátta, hvern fyrir sig. Á þessum grunni þurfa stjórnvöld að móta atvinnustefnu sem tengir t.a.m. saman stefnumótun í orkumálum, menntamálum og nýsköpun til að styðja við öfluga og arðbæra atvinnuuppbyggingu á Íslandi á næstu áratugum.

Atvinnulífið gegnir veigamiklu hlutverki í gangverki samfélagsins. Þar verða til störf og verðmæti sem leggja grunn að velsæld þjóðarinnar. Aukin samkeppnishæfni gagnast því ekki einungis atvinnulífinu heldur samfélaginu í heild sinni. Iðnaður er mjög umfangsmikill í íslensku efnahagslífi, greinin er fjölþætt og snertir nær alla þætti hagkerfisins. Mikil tækifæri eru til vaxtar, ekki síst með frekari virkjun hugvits og nýsköpunar.

Framleiðni er ein af grunnstöðum sterkrar samkeppnisstöðu. Þar hefur íslenska hagkerfið verið eftirbátur þeirra ríkja sem við viljum helst bera okkur saman við. Verðmæta-sköpun á vinnustund er lág í alþjóðlegum samanburði og framleiðni hefur aukist hægt hér á landi undanfarin ár. Á sama tíma hafa laun hækkað hratt og langt umfram það sem sést hefur í nágrannalöndunum og gengi krónunnar hefur einnig hækkað umtalsvert. Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum hefur því versnað sem mun hafa ófyrirséðar afleiðingar til skemmri og lengri tíma. Við þessari stöðu verður tafarlaust að bregðast, einkum hvað varðar eftirfarandi helstu áskoranir.

1. Bæta þarf rekstrarumhverfi og auka möguleika á hagkvæmni í rekstri. Skattar, laun og vextir eru hærri hér í samanburði við önnur lönd. Raforkuverð skapar ekki lengur samkeppnisforskot. Styrkja þarf regluverk um raforkumarkað sem einkennist af fákeppni. Tryggingagjald verður að lækka og almennt séð þarf að hagræða í ríkisrekstri.
2. Fjármögnun vegna frumkvöðlastarfsemi þarf að efla til þess að styðja við sýn um hugverkadrifið hagkerfi.
3. Atvinnulíf, stjórnvöld og skólakerfið taki höndum saman og vinni að fjölgun iðn- og tæknimenntaðra á vinnumarkaði.
4. Það þarf aukinn og viðtækan stöðugleika. Sveiflur í gengi krónunnar og launahækkanir langt umfram það sem gerist í nágrannalöndunum grafa undan samkeppnishæfni iðnaðar á Íslandi.
5. Þak á endurgreiðslur vegna rannsóknar- og þróunar-kostnaðar skal afnema í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og ætti frumvarp þess efnis að koma fram á vorþingi 2018. Hvetja þarf til nýsköpunar og bæta umgjörð annarra skattalegra hvata.
6. Fjárfesting í dag er hagvöxtur á morgun. Stórátak þarf við uppbyggingu og viðhald innviða. Forgangsraða þarf í þágu slíkrar uppbyggingar.
7. Auka þarf lóðaframboð til að mæta spurn eftir íbúðar-húsnæði og tryggja aðgang að húsnæði á hagkvæmu verði.
8. Auka þarf tækniþekkingu og tæknivitund í menntakerfinu til að bregðast við þeim tækniframförum sem nú standa yfir og eru fram undan.
9. Auka þarf skilvirkni í starfsumhverfi fyrirtækja. Umfang hins opinbera er mikið og fer vaxandi, fjármálakerfi er óhagkvæmt og óskilvirkt, lengra er gengið í innleiðingu EES gerða en þörf krefur og samræma þarf opinbert eftirlit og stytta málsmeðferðartíma.
10. Stjórnvöld og atvinnulíf þurfa að vinna saman að markmiðum í umhverfis- og loftslagsmálum.
11. Stjórnvöld þurfa að gæta að hagsmunum atvinnulífsins við innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar og eiga virkt samtal við atvinnulífið um útfærslu og eftirlit. Setning nýrra reglna um persónuvernd er mikilvæg en gæta þarf þess að eftirlit sé skilvirkt og að stjórnvöld liðsinni fyrirtækjum fremur en að refsa.





Öflugt málefnnastarf



Á árinu stóðu Samtök iðnaðarins fyrir umfangsmiklu málefnnastarfi með virkri þátttöku félagsmanna.

Að vinna að aukinni samkeppnishæfni er meðal meginhlutverka Samtaka iðnaðarins samkvæmt lögum samtakanna. Alþjóðlegar rannsóknir sýna að þau fjögur málefni sem mestu varða fyrir aukna framleiðni og þar með samkeppnishæfni eru menntun, innviðir, nýsköpun og starfsumhverfi fyrirtækja. Nú þegar efnahagslegri endurreisn íslensks hagkerfis er lokið er rétti tíminn til að líta til framtíðar. Stjórnvöld vinna um þessar mundir að stefnumótun í mörgum lykilmálaflokkum og mikilvægt fyrir Samtök iðnaðarins að móta sér afstöðu. Í því skyni gáfu Samtök iðnaðarins út tvær skýrslur á árinu til viðbótar við 60 síðna skýrslu um Innviði á Íslandi sem gefin var út árið á undan. Skýrslurnar tvær voru unnar af starfsmönnum Samtaka iðnaðarins með virkri þátttöku félagsmanna. Fyrri skýrslan sem er 90 bls. var gefin út í mars í tengslum við lönþing 2018 og síðari skýrslan sem er 50 bls. var gefin út í byrjun nóvember. Skýrslunum er ætlað að vera innlegg í umræðu um umbætur sem gagnast samfélaginu í heild sinni. Þannig verður Ísland áfram í fremstu röð þar sem fólk vill setjast að, búa og reka atvinnustarfsemi.



Innviðir á Íslandi Ástand og framtíðarhorfur

Markmið með skýrslunni er að lýsa stöðu helstu innviða hagkerfisins og draga fram þarfir og lausnir til að tryggja gæði þessara meginstoða íslensks samfélags og atvinnulífs. Ástand og uppbygging innviða er nátengd samkeppnishæfni Íslands og markar þannig þróun þess. Í skýrslunni er lagt mat á ástand flugvalla, fráveitna, hafna, hitaveitna, vatnsveitna, orkuvinnslu, orkuflutninga, úrgangsmála, þjóðvega, sveitarfélagavega, fasteigna í eigu ríkisins og fasteigna í eigu sveitarfélaga.



Ísland í fremstu röð – eflum samkeppnishæfnina

Markmið þessarar skýrslu er að varpa ljósi á stöðuna, sjá hvernig Ísland stendur í samanburði við önnur ríki og hvaða áskoranir þarf helst að glíma við til þess að bæta samkeppnishæfnina. Fjallað er um samkeppnishæfni landsins út frá þeim fjórum málaflokkum sem mestu varða um framleiðni sem eru menntun, innviðir, nýsköpun og starfsumhverfi. Það sem fram kemur í skýrslunni sýnir að við getum – og eigum – að gera betur á ýmsum sviðum þannig að Ísland verði í fremstu röð þjóða þar sem fólk vill setjast að, búa og reka atvinnustarfsemi.



Mótum framtíðina saman – atvinnustefna fyrir Ísland

Í þessari skýrslu er höfð til framtíðar og gerðar tillögur að umbótum sem ráðast mætti í á næstu tveimur árum til að auka verðmætasköpun sem er grundvöllur að velferð og bættum lífsgæðum landsmanna. Með atvinnustefnu er ekki einungis lagður grunnur að uppbyggingu til að styðja við efnahagslega velsæld heldur getur atvinnustefna verið rauði þráðurinn í stefnumótun hins opinbera. Þannig væri unnið að samræmi í ólíkum málaflokkum svo að fjármunir nýtist á sem skilvirkastan hátt og dregið úr sóun. Þá er horft á samfélagsleg viðfangsefni eins og öldrun þjóða, fjórðu iðnnbyltinguna og umhverfis- og loftslagsmál. Iðnaður mun leysa þessi viðfangsefni framtíðar.



Viðburður



Fjölbreyttir viðburðir

Samtök iðnaðarins efndu til fjölda viðburða á starfsárinu. Viðfangsefni þeirra voru margvísleg og spönnuðu breitt svið sem endurspeglar fjölbreytni í íslenskum iðnaði. Auk eigin funda og viðburða tóku samtökin einnig þátt í ýmsum viðburðum í samvinnu við aðra aðila.

Íbúðamarkaður á krossgötum

Á fjölmennum fundi SI um íbúðamarkaðinn á Grand Hótel Reykjavík fluttu fimm frummælendur erindi og efnt var til pallborðsumræðna. Fundarstjóri var Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI. Frummælendur voru Friðrik Á. Ólafsson, viðskiptastjóri byggingariðnaðar á mannvirkjasviði SI, Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur SI, Pétur Ármannsson, arkitekt, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, og Eyrún Arnarsdóttir, viðskiptastjóri á mannvirkjasviði SI. Pallborðsumræðum stjórnaði Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, en í umræðunum tóku þátt Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Gylfi Gíslason, forstjóri JÁVERK, Helgi Már Halldórsson, ASK arkitektar, formaður SAMARK, og Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri Mannvits. Yfirskrift pallborðsumræðnanna var Leiðir til lausna.





Mætum færni framtíðarinnar – menntastefna SI

SI efndu til opins fundar um menntastefnu samtakanna undir yfirskriftinni Mætum færni framtíðarinnar á Grand Hótel Reykjavík í byrjun október. Eftirtaldir voru frummælendur á fundinum: Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, sviðsstjóri mennta- og mannauðsmála hjá SI, Vilhjálmur Hilmarsson, sérfræðingur í greiningum hjá SI, Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto á Íslandi, Stefán Sigurðsson, forstjóri Vodafone, og Guðmundur Hafsteinsson, yfirmaður vörupróunar á Google Assistant. Í pallborðsumræðum tóku þátt Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, og Karl Frimannsson, fræðslustjóri Akureyrarbæjar.



Mótum framtíðina saman – atvinnustefna fyrir Ísland

Skýrsla SI um atvinnustefnu fyrir Ísland var kynnt á vel sóttum fundi Samtaka iðnaðarins í Kaldalóni í Hörpu. Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, flutti opunarávarp. Frummælendur voru Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Pétur Halldórsson, forstjóri Nox Medical, Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Klappir grænar lausnir, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, sviðsstjóri mennta- og mannauðsmála SI, Ingólfur Bender, aðalhaf fræðingur SI, og Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs SI. Í pallborðsumræðum tóku þátt Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, María Bragadóttir, yfirmaður stefnumótunar hjá Alvotech, og Gestur Pétursson, forstjóri Elkem Ísland.



SI viðburðir

- **Útboðsþing** á Grand Hótel Reykjavík
- **Íbúðamarkaður á krossgötum** á Grand Hótel Reykjavík
- **Iðnþing** í Hörpu
- **Árshólf** í Hörpu
- **Mætum færni framtíðarinnar** á Grand Hótel Reykjavík
- **Vaxtarsprotinn** í Kaffi Flóru í Grasagarðinum
- **Opinn fundur SI** á Akureyri og Ísafirði
- **Mótum framtíðina saman – atvinnustefna fyrir Ísland** í Kaldalóni í Hörpu
- **Aðventugleði kvenna** á Vox Club

Viðburðir í samstarfi við aðra

- **Litla Ísland** með Húsi atvinnulífsins
- **Umhverfisdagur atvinnulífsins** með Húsi atvinnulífsins
- **Ecotrophelia Ísland** með Matís
- **Menntadagur atvinnulífsins** með Húsi atvinnulífsins
- **Kynning á Tækniþróunarsjóði** með Rannís
- **Ábyrg matvælaframleiðsla** með Matvælalandinu Ísland
- **Dagur prents og miðlunar** með Iðunni og Grafíu
- **Tækni og persónuvernd** með Samtökum upplýsingatækniyrirtækja

Útboðsþing SI

Fullt var út að dyrum á Útboðsþingi SI sem fram fór á Grand Hótel Reykjavík þar sem fulltrúar tíu opinberra aðila kynntu fyrirhugaðar verklegar framkvæmdir á árinu.

Tækni og persónuvernd

Samtök upplýsingatækniyrirtækja, SUT, í samstarfi við SI stóðu fyrir fjölmennri ráðstefnu um tækni og persónuvernd á Hilton Nordica Reykjavík. Taktikal sá um framkvæmd ráðstefnunnar.

Dagur prents og miðlunar

Dagur prents og miðlunar er samstarfsverkefni Iðunnar, Grafíu og SI þar sem boðið var upp á fjölmörg erindi yfir daginn og endað á léttum nótum með uppistandanum Ara Eldjárn.

Kynning á Tækniþróunarsjóði

SI og Rannís stóðu fyrir fundi í Húsi atvinnulífsins þar sem fjallað var um Tækniþróunarsjóð og skattávilnanir vegna nýsköpunarverkefna.

Menntadagur atvinnulífsins

Menntadagur atvinnulífsins var haldinn í fimmta sinn í Silfurbergi í Hörpu. Yfirskrift dagsins að þessu sinni var Hvað verður um starfið þitt? Dagurinn er samstarfsverkefni SI, Samorku, SAF, Samtaka fjármálafyrirtækja, SFS, SVP og SA.

Fjármögnunarumhverfi sprotafyrirtækja

Samtök sprotafyrirtækja, SSP, héldu fund um fjármögnunarumhverfi sprotafyrirtækja í Innovation House Reykjavík á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi.

Smáþing

Smáþing Litla Íslands var haldið á Hilton Reykjavík Nordica. Á þinginu var rætt um markaðsmál litilla og meðalstórra fyrirtækja. Bakhjarlar Litla Íslands eru SI, SAF, SVP, SFF og SA.

Nýsköpunarmót Álklasans

Nýsköpunarmót Álklasans var haldið í Háskólanum í Reykjavík. Að mótinu standa Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands, Samtök iðnaðarins, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samál og Álklasinn.

Íslenskur byggingariðnaður

Fundur um íslenskan byggingariðnaðinn í höfuðstöðvum Íbúðalánasjóðs í Borgartúni 21. Íbúðalánasjóður og Íslenski byggingavettvangurinn stóðu fyrir opnum fundi um afkastagetu og framleiðni í íslenskum byggingariðnaði undir yfirskriftinni Hvernig byggjum við meira?

UTmessan

UTmessan var haldin í Hörpu en að messunni stóðu SKÝ, SI, HR og HÍ.

Verk og vit

Um 25 þúsund gestir komu á sýninguna Verk og vit sem haldin var í Laugardalshöll. Framkvæmdaraðili sýningarinnar er AP almannatengsl og samstarfsaðilar eru atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Landsbankinn, BYKO, Reykjavíkurborg og Samtök iðnaðarins.

Dagur byggingariðnaðarins á Akureyri

Dagur byggingariðnaðarins var haldinn á Akureyri þar sem efnt var til sýningar í Hofi þar sem yfir 20 aðilar voru með sýningarbáa auk þess sem fyrirtæki sem tengjast byggingariðnaði voru með opið hús hjá sér þann dag. Sveitarfélög á Norðurlandi kynntu jafnframt hvað væri framundan í lóðaúthlutunum. Að deginum stóðu Akureyrarbær, Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi, Samtök iðnaðarins og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar.

Aðalfundur SI

Aðalfundur SI var haldinn í Norðurljósum í Hörpu.



Frá aðalfundi SI.



Frá Íðningi.

Íðning 2018

Hátt í 400 manns tóku þátt í vel heppnuðu Íðningi sem var haldið í Silfurbergi í Hörpu. Umræða var um samkeppnishæfni Íslands með áherslu á menntun, innviði, nýsköpun og starfsumhverfi.

Árshóf 2018

Árshóf SI var haldið í Hörpu daginn eftir Íðningið og voru hátt í 400 gestir. Boðið var upp á glæsilega veislu með þriggja rétta máltíð, skemmtiatriðum og dans að loknu borðhaldi.

Hönnunarmars

Hönnunarmars var formlega opnaður í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu þar sem sýningin #endurvinnumálið var meðal annars opnuð þann dag.

Hugleiðingar um arkitektúr

Arkitektafélag Íslands, SAMARK, Listaháskóli Íslands, Hönnunarmiðstöð og SI buðu upp á morgunhugleiðingar um arkitektúr í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands. Þekktir arkitektar deildu hugleiðingum sínum um áherslur og innblástur í starfi sínu sem arkitektar.

Vorhátíð GERT

Vorhátíð GERT var haldin í Háskólanum í Reykjavík og í Verksmiðjunni í Glerárgötu á Akureyri. Framtíðarumhverfi grunnskólans var yfirskrift fundarins. Skammstöfunin GERT stendur fyrir grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni.

Vaxtarsprotinn

Vaxtarsprotinn var afhentur í Café Flóru, grasagarðinum í Laugardal. Það var fyrir-tækið Kaptio sem hlaut Vaxtarsprotann auk þess sem Kerecis, Gangverk og Orf-Líftækni hlutu viðurkenningar fyrir vöxt í veltu.

Opinn fundur á Akureyri

SI efndu til opins fundar í Hofi á Akureyri þar sem fjallað var um helstu áskoranir og tækifæri sem iðnaðurinn stendur frammi fyrir í tengslum við menntun, nýsköpun, innviði og starfsumhverfi.

Sveitarstjórnarkosningar

Oddvitar sjö framboða í Reykjavík fyrir sveitarstjórnarkosningarnar tóku þátt í umræðum á opnum fundi í Gamla bíói sem SA, SI, SAF, SVP stóðu fyrir.

Fundur í Helsinki

Samtök iðnaðarins ásamt systursamtökum í Finnlandi stóðu fyrir viðburði að viðstöddum forseta Íslands í tengslum við ríkisheimsókn forseta Íslands til Helsinki.



Heimsókn forseta Íslands til Helsinki.



Afhending Vaxtarsprotans.

Ábyrg matvælaframleiðsla

Matvælalandið Ísland sem SI eru aðili að efndi til ráðstefnu um ábyrga matvælaframleiðslu og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í Kaldalóni í Hörpu.

Opinn fundur á Ísafirði

SI efndu til opins fundar á Hótel Ísafirði með stjórn og framkvæmdastjóra SI.

Breytingar á lögum um mannvirki

Mannvirkjaráð SI stóð fyrir fundi um nýsamþykktar breytingar á lögum um mannvirki.

Ecotrophelia Ísland

BrewBar bar sigur úr bítum í vörupróunar-samkeppninni Ecotrophelia Ísland og tók þátt í Evrópukeppni sem haldin var í París.

Íbúðamarkaðurinn

Félag viðskipta- og hagfræðinga, FVH, stóð fyrir fundi í samstarfi við SI um íbúðamarkaðinn á Vox Club.

Aðventugleði kvenna

Fjölmennt var á aðventugleði kvenna í iðnaði sem haldin var á Vox Club.

Heimsóknir til félagsmanna

Á árinu heimsóttu stjórn og starfsmenn SI fjölmörg aðildarfyrirtæki. Tilgangur heimsóknanna er að efla tengsl við félagsmenn þar sem tækifæri gefst til að heyra hvað efst er á baugi og hverjar helstu áskoranirnar eru í starfsemi.

Meðal aðildarfyrirtækja sem voru heimsótt: MS, Efla, Nox Medical, Algalif, Gamla bakaríð, Oddi, Marel, Rio Tinto á Íslandi, bakaríð Hjá Jóa Fel, Gullkúnst Helgu. Snýrtistofan Ágústa, Rafal, Rafmiðlun, Tækniskólinn, Hönnunarsafn Íslands, Snýrtistofan Garðatorgi. MK, Samey, Naust Marine, Eimverk Distillery, Stjörnu Oddi, Ísam, eTactica, Coca-Cola European Partners Ísland, Trétak, ÁK smíði, SS Byggir, Póllinn á Ísafirði, Dokkan á Ísafirði, Skaginn 3X, Ísblikk, Arna í Bolungarvík, HG, hraðfrystihúsið Gunnvör, Kerecis, Hampiðjan, Laugardalshöllin, Samverk á Hellu, SS á Hvalsveili, THG Arkitektar, GeoSilica Iceland, Rafnar, Blikksmiðja Guðmundar og Borgarholtsskóli.



Marel



Rio Tinto



eTactica



Hjá Jóa Fel



Gullkúnst Helgu



Algalif



Snýrtistofan Ágústa



Hampiðjan



Borgarholtsskóli

Stjórn SI á ferð um Vestfirði

Stjórn Samtaka iðnaðarins heimsótti félagsmenn og fjölmörg fyrirtæki á Vestfjörðum í lok maí. Þá stóð stjórnin fyrir fjölmönnum fundi á Hótel Ísafirði þar sem farið var yfir helstu áherslumál samtakanna og efnt til umræðu um atvinnulíf á Vestfjörðum.



Um borð í Páli Pálssyni



Arna í Bolungarvík



Kerecis



Dokkan brugghús



Gamla bakaríð




ÍSLENSKT
gjörir svo vel



Íslenskt – gjörið svo vel

Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar og þjónustu og Bændasamtök Íslands tóku höndum saman á árinu og efndu til átaksverkefnis undir yfirskriftinni Íslenskt – gjörið svo vel. Verkefnið verður lifandi út árið 2019.

Tilgangur átaksverkefnisins er að efla vitund Íslendinga á íslenskum vörum. Vitandarvakning sem þessi hefur verið sett af stað reglulega undanfarin ár undir slagorðunum „Íslenskt – já takk“ og „Veljum íslenskt“ en til viðbótar við hefðbundnar leiðir voru landsmenn nú hvattir til að mæla með sínum uppáhaldsvörum fyrir erlenda gesti. Útbúin var vefsíðan www.gjoridsvovel.is þar sem íslenskar vörur voru í aðalhlutverki. Aðilar verkefnisins söfnuðu þar saman íslenskum vörum úr ýmsum áttum og buðu Íslendingum að setja saman lista af þeim vörum sem þeir töldu að enginn gestkomandi mætti missa af. Þeim listum var síðan hægt að deila á samfélagsmiðlum. Fyrirtæki sem framleiða eða selja íslenskar vörur hafa verið hvött til að taka þátt í átakinu þar sem miðað er við að myndmerkið sé hægt að nota á þær vörur sem uppfylla skilyrði fánalaga. Fyrirtæki og framleiðendur sem taka þátt í átakinu geta nýtt myndmerki þess á umbúðir, heimasíður, samfélagsmiðla eða annað kynningarefni.



SI er sterkur bakhjarl

Samtök iðnaðarins koma að framkvæmd og styrkja margskonar verkefni í samstarfi við aðra í þeim tilgangi að styðja fjölbreytt málefni sem varða hag Íslensks iðnaðar.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt árlega þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna. SI styrkja Nýsköpunarsjóð námsmanna við veitingu Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.

Fjöreggið 2018

Fjöreggið var afhent á Matvæladegi MNÍ. Viðurkenningin hefur frá upphafi verið veitt með stuðningi frá Samtökum iðnaðarins. Það var rjómabúið Erpsstaðir sem hlaut Fjöreggið 2018.

Umhverfis- og auðlindafræði HÍ

Samtök iðnaðarins eru meðal þeirra sem umhverfis- og auðlindafræði Háskóla Íslands hefur gert samstarfssamning við. Samstarfsaðilar auk Samtaka iðnaðarins eru Orkustofnun, Orkuveita Reykjavíkur, Skipulagsstofnun, Sorpa og Umhverfis- og skipulags- svið Reykjavíkurborgar.

Skúlaverðlaun

Skúlaverðlaunin eru veitt fyrir besta hlutinn í sýningunni Handverk og hönnun. SI gefa verðlaunin sem kennd eru við Skúla Magnússon, fógeta og frumkvöðul smá-iðnaðar í Reykjavík. Það var Guðný Hafsteinsdóttir, keramikar og hönnuður, sem hlaut verðlaunin fyrir tappa í flöskur sem kallast Beware og eru ísbjarnarhöfuð úr steypu postulíni.

Ecotrophelia Ísland

SI, Matís, HÍ og Nýsköpunarmiðstöð eru aðilar að Ecotrophelia Europe sem er alþjóðleg keppni í nýsköpun í vistvænni matvælaframleiðslu.

Hönnunarverðlaun Íslands

Hönnunarverðlaun Íslands voru afhent á Kjarvalsstöðum. Lava Centre fékk viðurkenningu fyrir bestu fjárfestingu í hönnun og Basalt arkitektar hlutu hönnunarverðlaun Íslands. Hönnunarmiðstöð Íslands stendur að verðlaununum í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands, Listaháskóla Íslands, SI og Landsvirkjun.

Icelandic Startups

Samtök iðnaðarins eru meðal bakhjarla Icelandic Startups og situr framkvæmdastjóri SI í stjórn félagsins. Fulltrúi Icelandic Startups á einnig sæti í stjórn Samtaka sprotafyrirtækja, SSP. Tilgangur Icelandic Startups er að styðja við nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi á Íslandi en í því felst meðal annars sala á ráðgjöf og þjónustu og almennur stuðningur við háskólanemendur og aðra frumkvöðla.

Auðna-Tæknitorg

Auðna-Tæknitorg var opnuð með formlegum hætti í Sjávarklasasnum Grandagarði í gær en um er að ræða nokkurs konar tækniveitu sem mun sinna tækni- og þekkingaryfirfærslu úr vísindasamfélaginu í hendur þeirra sem skapa úr þeim verðmæti fyrir samfélagið; frumkvöðla, fjárfesta og atvinnulífið. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, tengdi saman vísindin og atvinnulífið á stofnfundinum með táknrænum hætti. Samtök iðnaðarins eru meðal stofnaðila og eini fulltrúi atvinnulífs og fjárfesta.



Opnun Auðna tæknitorgs.



Styrkveiting úr
Hvatningarsjóði Kviku.

Hvatningarsjóður Kviku

Á árinu stofnaði Kvika í samstarfi við Samtök iðnaðarins hvatningarsjóð sem veitir styrki til nema í iðn- og starfsnámi sem hefur það að markmiði að efla umræðu og vitund um mikilvægi iðn- og starfsnáms og þýðingu starfa sem því tengjast fyrir íslenskt atvinnulíf.

Styrkja þarf ímynd iðnnáms og starfa sem því tengjast og efla áhuga og vitund grunn-skólanema, foreldra, atvinnurekenda og almennings á mikilvægi iðnnáms. Skortur

er á iðnmenntuðu fólki og er sá skortur víða orðinn hamlandi fyrir starfsemi fyrirtækja. Með Hvatningarsjóðnum viljum við bregðast við þessu með styrkjum til nema í iðnnámi. Sérstök áhersla er lögð á að auka hlutfall kvenna og eru konur sérstaklega hvattar til að skoða þau tækifæri sem bjóðast.

Styrktarfjárhæð sjóðsins er 5 milljónir króna árlega í þrjú ár. Heildarstyrkir munu því nema 15 milljónum króna á tímabilinu 2018–2021. Ávallt verður litið til kynjahlut-

falla við mat á umsóknum og úthlutun styrkja og leitast við að hafa þau jöfn. Við úthlutun skal a.m.k. helmingi styrkja úthlutað til kvenna.

Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í Kviku 5. október þegar 10 einstaklingar hlutu styrki úr hvatningarsjóðnum. Nemendurnir sem hlutu styrkina stunda nám í bakaraiðn, húsasmíði, rafvirkjun, málmiðnaði, rafiðnaði, vélstjórn, vélvirkjun, mjólkurfræði og gull- og silfursmíði.

Verðlaunasjóður iðnaðarins

Afhentar voru viðurkenningar úr Verðlaunasjóði iðnaðarins í listagalleríinu Berg Contemporary á Klapparstíg í maí en Kristján Friðriksson var stofnandi sjóðsins. Þetta var í ellefta sinn frá árinu 1977 sem sjóðurinn veitti viðurkenningu. Að þessu sinni voru það Oculis, Syndis og Kerecis sem hlutu verðlaunin fyrir frumkvöðlastarf á sviði iðnaðar. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti forsvarsmönnum fyrirtækjanna þriggja viðurkenningarnar sem eru 1 milljón króna sem hvert fyrirtæki hlaut ásamt sérstökum verðlaunagrip og verðlaunaskjali. Sjóðsstjórnina skipa: Friðrik Steinn Kristjánsson, fulltrúi fjölskyldu Kristjáns, Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins og Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Verðlaunasjóður iðnaðarins var stofnaður 1976 af Kristjáni Friðrikssyni og eiginkonu hans Oddnýju Ólafsdóttur. Tílefnið var m.a. að þá voru liðin 35 frá stofnun Klæðagerðarinnar Últímu en einnig það að Kristján hafði óbilandi trú á íslenskum iðnaði og íslenskri hönnun. Honum fannst aldrei nógsamlega vakin athygli á hinum fjölmörgu íslensku uppfinningarmönnum.



Verðlaunasjóður iðnaðarins.

Verðlaunasjóður iðnaðarins hefur verið starfræktur í anda stofnenda hans í samstarfi við Samtök iðnaðarins og hefur með vissu millibili veitt viðurkenningar, oftast fyrir frumkvöðlastarf á sviði iðnaðar. Samkvæmt upphaflegri stofnskrá sjóðsins er tilgangur hans að örva til dæða á sviði iðnaðar og jafnframt vekja athygli á þeim afrekum sem unnin hafa verið og unnin verða á því sviði.



A female student with blonde hair, wearing safety glasses and a blue lab coat, is focused on operating a lathe machine in a workshop. She is wearing white gloves and adjusting a component on the machine. The background shows other students and industrial equipment, creating a professional learning environment.

Menntamál

Mætum færne framtíðar

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum í menntamálum og taka samtökin þátt í fjölmörgum verkefnum sem snúa að því að efla iðn-, verk- og tæknimenntun. Menntun er einn mikilvægasti málaflokkurinn í huga félagsmanna SI. Það er skortur á einstaklingum með iðnmenntun og einstaklingum með raungreina- og tæknimenntun sem kemur til móts við þarfir atvinnulífsins. Á árinu var menntastefna SI endurskoðuð en þar kemur meðal annars fram að efla þurfi íslenskt menntakerfi með markvissum aðgerðum í samstarfi atvinnulífs og skóla þannig að færniþörf atvinnulífsins verði mætt á hverjum tíma. Meðal markmiða er að 20% grunnskólanema velji starfsmenntun árið 2025 og 30% árið 2030.

Bein aðkoma SI að menntastofnunum



Þátttaka SI í verkefnum til að hvetja til iðn-, verk- og tæknimenntun

Starfsgreinaráð

Samtök iðnaðarins eru þátttakandi í ýmsum starfsgreinaráðum en hlutverk þeirra er meðal annars að veita mennta- og menningarmálaráðherra ráðgjöf um málefni starfsmenntunar á framhaldsskólastigi, gefa umsögn um námsbrautalýsingar sem skólar leita staðfestingar á, gera tillögur um almenn markmið náms og skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem námsbrautalýsingar byggjast á, gera tillögur um lokamarkmið náms, setja viðmið fyrir skiptingu náms í skóla og á vinnustað og gera tillögur um uppbyggingu og inntak prófa í einstökum starfsgreinum, halda skrá um fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði um vinnustaðanám og gera tillögur um námsbrautalýsingar fyrir einstakar námsbrautir.

Microbit

SI, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntamálastofnun og RÚV tóku höndum saman um að halda áfram með átaksverkefni sem sett var á laggirnar 2016 með það að markmiði að efla forritunarkunnáttu íslenskra barna. Microbit verkefnið heldur því áfram veturinn 2018/2019 og verða gefin bekkjarsett í alla grunnskóla landsins.

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda (NKG) er hugmyndasamkeppni fyrir nemendur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskóla. Undirbúningur í skólum landsins fer fram samhliða skólaárinu. NKG hefst á haustin og lýkur á vorin með vinnusmiðju þar sem þátttakendur í úrslitum fá tækifæri til að útfæra hugmyndir sínar frekar með aðstoð leiðbeinenda frá HÍ og HR. Samtök iðnaðarins eru meðal bakhjarla keppinnar.

GERT

GERT, verkefni um grunnmenntun verði eflað í raunvísindum og tækni, lauk sínu fimmta starfsári. Þetta er samstarfsverkefni SI, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að efla áhuga nemenda í grunnskóla á raunvísindum og tækni og jafnframt kynna fyrir þeim verk- og iðnmenntun ásamt störfum sem því tengjast. Heimasíða verkefnisins er www.skolarogtaekni.is. Fjöldi skóla og fyrirtækja tekur þátt í verkefninu en unnið er markvisst með fyrirtækjaheimsóknir skólanna og kynningu á störfum.

Stelpur og tækni

Girls in ICT Day er hluti af alþjóðlegu átaki og haldið undir nafninu Stelpur og tækni. Að verkefninu standa Háskólinn í Reykjavík, Skýrslutæknifélag Íslands og Samtök iðnaðarins. Um sjö hundruð stelpur úr grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu heimsóttu HR og fjölda tæknifyrirtækja. Verkefnið vekur áhuga á fjölbreyttum möguleikum í tækninámi og störfum þar sem áherslan er lögð á að sýna fyrirmyndir í tæknigeiranum og brjóta niður staðalímyndir.

Verk- og tækninám – Nema hvað!

SI og Bilgreinasambandið sendu kynningar efni til allra 9. bekinga um þá möguleika sem standa nemendum til boða innan verk- og tæknigreina. Um er að ræða markpóst þar sem vísað er inn á vefsíðuna www.nemahvad.is þar sem eru myndbönd og upplýsingar um nám og skóla.

Meðal samstarfsaðila SI í menntamálum má nefna:





Mannvirkjasvið



Á mannvirkjasviði SI fer fram öflugt starf í þágu fyrirtækja sem starfa í bygginga- og mannvirkjagerð. Fjölmörg fagfélög og starfsgreinahópar starfa á sviðinu; SAMARK – samtök arkitektastofa, FRV – Félag ráðgjafarverkfræðinga, Félag vinnuvélaeigenda, Mannvirki – Félag verktaka og Meistaradeild SI sem samanstendur af félögum iðnmeistara: Félag blikksmiðjueigenda, Félag dúklanginga- og veggfóðrarmeistara, Meistarafélag byggingarmanna í Vestmannaeyjum, Félag skrudgarðyrkjumeistara, Málarmeistarafélagið, Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi, Meistarafélag húsasmiða, Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði, Meistarafélag Suðurlands, Meistarafélag byggingarmanna á Suðurnesjum, Múrarmeistarafélag Reykjavíkur og SART – Samtök rafverktakar og 8 undirfélög rafverktaka.

Mannvirkjaráð SI – Í ráðinu eru fulltrúar allra starfandi fagfélaga á sviðinu auk stjórnarmanna SI sem starfa í mannvirkja- og byggingariðnaði. Stefnumótun ráðsins fór fram á árinu og verður á næstu árum lögð áhersla á gæðamál, menntun, rafræna umsjúlu í byggingariðnaði, auknar fjárfestingar í innviðum og að ryðja úr vegi töfum í tengslum við leyfisveitingar í mannvirkjagerð. Mannvirkjaráð SI stóð fyrir fundaröð um gæðastjórnun í byggingariðnaði ásamt IDUNNI.

Meistaradeild SI – Fulltrúar allra fagfélaga meistara eru í deildinni sem á sameiginlega tvo fulltrúa í Mannvirkjaráði SI. Öll meistarafélög í byggingariðnaði eru aðilar að MSI, utan eins, eða tólf talsins. Málefnið eru margvisleg en lög um mannvirki og byggingarreglugerð eru fyrirferðamest. MSI heldur úti Ábyrgðasjóði en tilgangur hans er að skapa traust milli viðskiptavina og verktaka sem starfa innan Meistaradeildar SI.

Fjölmörg hagsmunamál og málefni fagfélaga – Mannvirkjasvið SI hefur m.a. unnið að málefnum er varða menntun, skort á faglærðu fólki, innleiðingu keðjuábyrgðar og auknar fjárfestingar í innviðum. Talað hefur verið fyrir einu ráðuneyti innviða til að einfalda ferla og auka skilvirkni í kerfinu en ferlið í kringum mannvirkjagerð hér á landi er flóknara en gengur og gerist í nágranna löndum okkar.

Íbúðamarkaðurinn – SI lögðu áhersla á að taka þyrfti á vandanum sem ríkir á íbúðamarkaði, meðal annars með því að skipu-

lagsyfirvöld tryggja að byggt sé húsnæði sem mætir sem best þörfum samfélagsins en nokkuð hefur vantað upp á að svo sé. Þá leggja samtökin áherslu á að kerfi skipulagsmála sé gert einfaldara og skilvirkara til að spara tíma og kostnað. Með því er hægt að bjóða ódýrari nýjar íbúðir. Ferli skipulagsmála þarf að gera hraðara og einfaldara og veita þarf hönnuðum svigrúm til hagkvæmari lausna. Auka þarf rafræna stjórnsýslu og einfalda byggingaefitilrit. Miða þarf umfang eftirlits við fyrirframgefna mælikvarða, t.d. út frá flokkun mannvirkja. Til að tryggja sem best auknið gagnsæi og yfirsýn á byggingamarkaðinum þarf að mati SI að auka samvinnu ríkis og sveitarfélaga í íbúðamálum. Með því móti má tryggja aukinn stöðugleika á markaðnum og að framboð fullbúinna íbúða mæti þörf samfélagsins á hverjum tíma. Á vegum SI voru taldar íbúðir í byggingu tvisvar á árinu. Samkvæmt seinni talningu sem var í september voru 4.845 íbúðir í byggingu á höfuðborgarsvæðinu. Það voru 752 eða 18% fleiri íbúðir en voru í byggingu í mars þegar samtökin gerðu fyrri talningu á íbúðum í byggingu á svæðinu.

Fagfélögin á sviðinu – Unnið var að ýmsum málefnum og staðið fyrir fjölda viðburða á árinu. Dæmi um það er sameiginlegur fundur Félags ráðgjafarverkfræðinga og Samtaka arkitektastofa um nýja persónuverndarlöggjöf þar sem sérstaklega var einblínt á þarfir verkfræði- og arkitektastofa. Félag vinnuvélaeigenda ásamt SI skipaði starfshóp til að vinna að því að koma á námi í jarðvinnuverktöku. Mannvirki – félag verktaka fékk góða gesti á borð við forstjóra Vegagerðarinnar og forstjóra Framkvæmda-sýslu ríkisins á félagsfundum. Samtök rafverk-

taka í samstarfi við RSÍ gáfu öllum nýjum nemum á rafiðnbrautum framhaldsskólanna spjaldtölvur og frían aðgang að rafrænu kennslufni og fengu á fimmta hundrað nemendur spjaldtölvur afhentar. Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði, MIH, stóð reglulega fyrir vel sóttum hádegisfundum um þau mál sem brenna helst á greinunum. MIH hélt uppá 50 ára afmæli sitt í byrjun árs og bauð til veislu þar sem saga félagsins var rakin. Málarmeistarafélagið og Félag vegg- og dúklagningameistara fögnuðu 90 ára afmæli með sameiginlegu afmælisboði. Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi stóð fyrir degi byggingariðnaðarins á Norðurlandi. Meistarafélag byggingarmanna á Suðurnesjum hélt opna fundi mánaðarlega sem byggingarfulltrúar á Suðurnesjum sækja. Félag skrudgarðyrkjumeistara vann að því að sveitarfélög viðurkenni fagið sem löggilda atvinnugrein en allt of algengt er að sveitafélög semji við ófaglærða aðila um verk sem teljast til skrudgarðyrkju. Meistarafélag Suðurlands hefur í nokkur ár haft stjórnarfundum opna öllum félagsmönnum sem hefur gefið góða raun. Múrarmeistarafélag Reykjavíkur vinnur stöðugt að hagsmunagæslu sinna félagsmanna og var félagsstarfið lífflegt. Í tengslum við öryggisátakið „Einn lás, eitt líf“ tóku Samtök rafverktaka, Samtök iðnaðarins, Rafiðnaðarsamband Íslands og Mannvirkjastofnun höndum saman og afhentu hátt í 1.500 öryggislása til starfandi rafiðnaðarmanna með það fyrir augum að draga úr hættu á slysum og óhöppum.



Framleiðslusvið



Undir framleiðsluvið SI heyra fyrirtæki af fjölbreyttum toga sem fást við framleiðslu og þjónustu. Fyrirtækin starfa saman í starfsgreina-
hópum og einstökum málefnum sem snerta rekstur þeirra. Þótt fyrirtækin séu ólík eru mörg mál sem sameina þau, til dæmis áhersla á
aukna framleiðni, framfarir í umhverfismálum og bætt rekstrarskilyrði.

Nýtt Framleiðsluráð SI – Framleiðsluráð SI lauk öðru starfsári sínu á ársfundi í nóvember og var nýtt ráð skipað til næstu tveggja ára. Á árinu bar einna hæst umhverfis- og loftslagsmál og kynning á stuðningskerfi rannsóknar- og þróunarstarfs og endurgreiðslum á rannsóknar- og þróunarkostnaði fyrir framleiðslufyrirtæki.

Ábyrg matvælaframleiðsla – Matvæla-landið Ísland stóð fyrir ráðstefnu um ábyrga matvælaframleiðslu og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en að samstarfs-
vettvanginum standa Samtök iðnaðarins, Bændasamtökin, Háskóli Íslands, Íslandsstofa, Matís, Matarauður Íslands, Samtök ferðaþjónustunnar og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.

Tollkvótar og innflutningur á ófrosnu kjöti – Samningur ríkisins við Evrópusambandið um gagnkvæma niðurfellingu tolla og aukinn tollkvóta landbúnaðarvara tók gildi 1. maí. Breytingarnar taka gildi í áföngum á tveimur til fjórum árum eftir vörutegundum. Þessu til viðbótar hefur íslenska ríkið verið dæmt til að leyfa innflutning á ófrosnu kjöti sem ógnar góðri sjúkdómastöðu búfjár í landinu að mati ýmissa sérfræðinga. Báðar þessar breytingar eru að vissu leyti ógn við íslenska kjötfra-
leiðslu og hefur því verið spáð að þær geti kostað framleiðendur allt að 2000 milljón króna tekjumissi.

Fullveldiskaka LABAK – Landssamband bakameistara tók þátt í að fagna aldar-
afmæli fullveldis Íslands með því að hanna sérstaka fullveldisköku sem var seld í bak-
aríum félagsmanna víða um land. Landslið bakara hannaði kökuna í samvinnu við stjórn LABAK, en um er að ræða lagköku með rabarbarasultu á milli laga en er færð í hátíðarþýning með því að bæta við rjóma á milli tveggja efstu laganna og ofan á henni er hvítt súkkulaði. Fullveldiskakan byggir á

vinsælum uppskriftum frá 1918. Kakan var kynnt á hátíðarsamkomu sem var haldin á Hrafnistu í júlí fyrir Íslendinga fædda 1918 og fyrr. Sérstök áhersla var lögð á að hafa kökuna til sölu í kring um hápunkt afmælis-
ársins á fullveldisdaginn 1. desember.

Breytingar á lögum um matvæli – Breytingar á lögum um matvæli voru samþykktar á Alþingi í apríl. Breytingarnar fela m.a. í sér að samræmingarhlutverk Matvælastofnunar gagnvart heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga er skýrt og að skylt verður að flokka fyrirtæki eftir frammistöðu á sam-
ræmdan hátt. Ennfremur skylt verður birta flokkun fyrirtækja eftir frammistöðu frá 1. janúar 2021 en að öðru leyti tóku breyt-
ingarnar gildi 1. janúar sl. Samtök iðnaðarins áttu í nokkru stappi við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sem vildi byrja að birta frammi-
stöðuflokkun og niðurstöður úr eftirliti strax í desember 2018 án samráðs við Matvæla-
stofnun eða önnur eftirlitssvæði og án þess að hafa til þess lagaheimild.

Áfengisgjald langhæst á Íslandi – Samtök brugghúsa á Norðurlöndum heim-
sóttu Samtök iðnaðarins í apríl og héldu sinn árlega fund hér á landi. Á opnum fundi sem haldinn var í framhaldi af norræna fundinum kom m.a. fram að brugghús í norðanverðri Evrópu búi við mun hærri áfengisgjöld en tíðkast sunnar í Evrópu og eitt helsta hags-
munamál þeirra sé að jafna þann mun. Ísland sker sig úr með langhæsta áfengis-
gjaldið af öllum Evrópuþjóðum.

Loftslagsverkefni SI og Festu – Samtök iðnaðarins ýttu úr vör átakverkefni á árinu til að auðvelda fyrirtækjum að meta og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samstarfi við Festu samfélagsábyrgð. Sextán fyrirtæki skráðu þátttöku sína í verkefninu sem mun standa til ársloka 2019. Meðal markmiða verkefnisins er að fá sem flest framleiðslu-

fyrirtæki til að setja sér markmið um minni losun og bjóða þeim fræðslu um markmiða-
setningu á sviði loftslagsmála og úrgangs.

80 ára afmæli Málms – Málmur, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði fagnaði 80 ára afmæli félagsins að viðstöddum fjölda félagsmanna á Grand Hótel Reykja-
vík. Í tilefni afmælisins var gefið út veglegt afmælisrit þar sem finna má margar greinar og viðtöl um málmíðnaðinn á Íslandi.

**Samtal Félags húsgagna- og innréttinga-
framleiðenda** – SI stóðu fyrir samtali á milli Félags húsgagna- og innréttingafram-
leiðenda og SAMARK með það að markmiði að auka vitneskju um íslenska framleiðslu og hönnun á húsgögnum og innréttingum. Gagnlegar umræður urðu á fundinum og var mikið lagt upp úr því að í opinberum byggingum ætti að sjást íslensk framleiðsla.

Prent – Framleiðsluvið SI vinnur að því með framleiðendum í prentiðnaði að byggja upp ímynd pappírs og prents á Íslandi með hagsmuni framleiðenda að leiðarljósi. Bókaprentun er gömul iðngrein hér á landi en hátt í 500 ár eru síðan fyrsta prentvélin var sett upp á Íslandi. Þessi mikilvægi iðnaður hefur farið halloka síðustu ár og er prentun harðspjaldabóka á Íslandi hverfandi iðnaður.

Sjálfbærir stólar – Norræna ráðherra-
nefndin setti af stað hönnunarkeppni þar sem leitað var að sjálfbærum stólum og var kallað eftir tillögum frá húsgagna-
hönnuðum og húsgagnframleiðendum á Norðurlöndunum. Tíu íslenskir stólar komust í úrslit og þar af þrír frá félagsmönnum SI, þeim AGUSTAV og GÁ húsgögn. Stóllinn sem bar sigur út bytum var stóllinn Kollhrif sem er hannaður af Sölva Kristjánssyni hjá Portland og unnin úr endurunnu áli og korki.



Hugverkasvið



Undir hugverkasvið SI heyrir sex félög og starfsgreinahópar tækni- og hugverkafyrirtækja: Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök gagnavera, Samtök fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni, Samtök leikjaframleiðenda, Samtök sprotafyrirtækja og Samtök upplýsingatækniyrirtækja.

Hugverkaráð SI – Hugverkaráð SI leiðir málefnavinnu hugverkasviðs en í ráðinu sitja 14 manns og er markmið ráðsins að efla samkeppnishæfni hugverka og tækniyrirtækja á Íslandi. Áherslumál Hugverkaráðs SI snúa fyrst og fremst að því að á Íslandi verði umhverfi og hvatar fyrir nýsköpun í iðnaði eins og best verður á kosið. Hugverkaráð SI leggur meðal annars áherslu á að skattalegir hvatar verði eflir til að örva fjárfestingu í rannsóknum og þróun og sprotafyrirtækjum, að menntakerfinu verði breytt til að mæta áskorunum framtíðarinnar, m.a. í tengslum við órar tækni-breytingar og að Ísland verði kynnt sem aðlaðandi staður fyrir erlenda sérfræðinga.

Tækni og hugverkagreinar – Starfsgreinahópar tækni og hugverkagreina funduðu reglulega á árinu og unnið var ótulla að hagsmunamálum fyrirtækjanna.

Samtök sprotafyrirtækja, SSP, vinna að hagsmunum og stefnumálum sprotafyrirtækja. Á árinu 2018 var áfram unnið að málum sem snúa að skattalegum hvötum fyrir einstaklinga til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum ásamt niðurstöðum stefnumótunar sem átti sér stað í maí. Stefnumálin byggja á framtíðarsýn fyrir umhverfi sprotafyrirtækja árið 2025 og snúa að fjármögnunarmhverfinu, stjórnun, styrkjaumhverfi og efnahagsmálum. Stjórn SSP fagnaði árangri í helsta hagsmunamáli ársins í desember þegar lög voru samþykkt á Alþingi sem efla hvata einstaklinga til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum, með því að takmarka skilyrði fyrir nýtingu á skattafslætti.

Samtök gagnavera, DCI, ásamt samstarfsaðilum, gáfu út skýrslu unna af KPMG um samkeppnishæfni gagnaversiðnaðar á fyrri hluta ársins. Unnið var samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar á árinu og sérstök áhersla lögð á raforkumál og gagnatengingar við útlönd. Áhersla er áfram lögð á að efla gagnatengingar með aðkomu einka- aðila að gagnatengingamarkaði og lagningu nýs fjarskiptasæstrenns. Jafnframt beita Samtök gagnavera sér fyrir breytingum á raforkumarkaði, skattaumhverfi gagnavera og því að efla kynningu á Íslandi sem ákjósanlegum stað fyrir gagnaver.

Samtök íslenskra líftækniyrirtækja og Samtök heilbrigðis-iðnaðarins, SÍL og SHI, hafa lagt áherslu á að efla samstarf við aðila á heilbrigðissviðinu og samstarf á milli fyrirtækja í líf- og heilbrigðis-tækni. Vilja samtökin kynna líf- og heilbrigðistækniðnaðinn á Íslandi sem eina heild með það að markmiði að efla útflutning. Áhersla er




lögð á umgjörð rannsókna- og þróunar og eflingu á nýsköpunar-umhverfinu á Íslandi. SÍL og SHI voru sameinuð undir heitinu Samtök fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni í janúar 2019.

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, SÍK, beitti sér fyrir hækkun framlags í Kvikmyndasjóð og hugmyndum um að stofnaður verði sérstakur sjónvarpssjóður sem veiti styrki til þáttagerðar. SÍK leggur áherslu á heildarendurskoðun á stefnu stjórnvalda í kvikmyndamálum og tilnefndi fulltrúa í þá vinnu. SÍK leggur áherslu á að efla ímynd kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðar á Íslandi.

Samtök leikjaframleiðenda, IGI, lagði áfram áherslu á að styrkja tengsl við grasrótina í leikjaiðnaðinum, endurskoða samstarf IGI í norrænu samhengi og að efla greiningar og framtíðarspár fyrir leikjaiðnaðinn.

Samtök upplýsingatækniyrirtækja, SUT, hafa haft það að markmiði undanfarin ár að gera upplýsingatækni að áhugaverðasta iðnaði landsins og hafa m.a. lagt áherslu á menntamál og hvata til að laða erlenda sérfræðinga til landsins í því sambandi. Jafnframt var unnið að málum tengdum nýjum persónuverndarlögum og innleiðingu þeirra.

An aerial photograph of a city street scene. In the foreground, a large, two-story brick building with many arched windows sits on a corner. To its left is a parking lot with several cars. To its right is a modern building with a glass facade. In front of the brick building is a large, green lawn with a paved path and some trees. People are walking on the sidewalks and sitting on the grass. In the background, a body of water is visible with a small island and a bridge. The text "Lögfræðileg málefni" is overlaid on the image in a white box with a blue border.

Lögfræðileg málefni

Samtök iðnaðarins veita félagsmönnum ráðgjöf og aðstoð í lögfræðilegum málefnum. Í því felst að fyrirtæki, samtök fyrirtækja eða starfsgreinahópar SI geta leitað til lögfræðings SI þegar lögfræðilegt álitaefni kemur upp. Álitaefnin eru fjölbreytt og geta varðað sértæk álitaefni einstakra fyrirtækja eða málefni starfsgreina eða iðnaðarins í heild.

Á árinu voru veittar umsagnir í eftirtöldum málum:


Alþingi

- Tillaga til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2018 til 2022
- Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2019–2023
- Tillaga til þingsályktunar um 15 ára samgönguáætlun fyrir árin 2019–2022
- Tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023
- Tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta
- Tillaga til þingsályktunar um mótun klasastefnu
- Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku
- Frumvarp til breytinga á lögum um eftirlit með skipum nr. 4/2003 (stjórnvaldssektir)
- Frumvarp til breytinga á raforkulögum og lögum um stofnun Landsnets hf.
- Frumvarp til breytinga á lögum um fjarskipti
- Frumvarp til breytinga á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands o.fl.
- Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2019
- Frumvarp til breytinga á lögum um sjúkratryggingar (heilbrigðisþjónusta í hagnaðarskyni)
- Frumvarp til nýrra umferðarlaga
- Frumvarp til breytinga á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- Frumvarp til breytinga á búvörulögum og búnaðarlögum (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákv. samkeppnislaga, verðjöfnunargjald)
- Frumvarp til laga um tekjuskatt og stuðning við nýsköpunarfyrirtæki (skattafrádráttur vegna hlutabréfakaupa, skattafrádráttur nýsköpunarfyrirtækja)
- Frumvarp til breytinga á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög (kennitölufلاك)
- Frumvarp til breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.)
- Frumvarp til breytinga á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir o.fl. (sérstök kæruheimild vegna athafna og athafnaleysis)
- Frumvarp til breytinga á lögum um mannvirki (stjórnsýsla við mannvirkjagerð o.fl.)
- Frumvarp til nýrra persónuverndarlaga

Samráðsgátt

- Reglugerð um skoðun ökutækja
- Reglugerð um mælingu skipa með lengd allt að 24 metrum
- Reglugerð um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs
- Reglugerð til (7.) breytinga á byggingarreglugerð
- Reglugerð til (8.) breytinga á byggingarreglugerð
- Reglugerð um áhættumatsnefnd
- Reglugerð um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga
- Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og umhverfiseftirlit
- Reglugerð um mengaðan jarðveg
- Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í byggðamálum 2018–2024
- Frumvarp um rafræna auðkenningu og traustþjónustu (eIDAS)
- Frumvarp til laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða
- Frumvarp til breytinga á lögum um dýralækna
- Frumvarp til breytinga á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um meðhöndlun úrgangs (stjórnvaldssektir)
- Frumvarp til breytinga á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, plastpokar (EES-innleiðing)
- Heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum
- Áform um lagasetningu um þjóðarsjóð
- Áform um frumvarp til breytinga á lögum um opinber innkaup
- Áform um frumvarp, loftlagslög (loftlagsráð)
- Drög að aðgerðaráætlun um Árórsarsamninginn
- Grænbók um málaflokkinn fjarskipti- og póstmál
- Grænbók um hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál
- Umhverfismat samgönguáætlunar 2019–2033
- Aðgerðaráætlun í loftlagsmálum 2018–2030, 1. útgáfa
- Tillaga að aðgerðaráætlun í plastmálum
- Heilbrigðisstefna til ársins 2030
- Hönnunarstefna 2019–2027

Umsagnir SI má finna á vef samtakanna, www.si.is



Ásýnd í miðlum

Ásýnd SI

Samtök iðnaðarinnar leggja áherslu á að vera sýnileg í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Daglegur fréttaflofluningur frá starfsemi samtakanna er á vef samtakanna, www.si.is, auk þess sem samfélagsmiðlar eru nýttir til að koma efni samtakanna á framfæri.

Greiningar SI




Á árinu var efnt til þeirrar nýbreytni að gefa með reglubundnum hætti út sérstakar greiningar. Í greiningunum eru tekin fyrir tiltekin málafni sem skipta aðildarvyrntæki SI máli og þau greind með aðferðum tölfraði og hagfræði. Á árinu voru 10 greiningar gefnar út:

- Tafir kosta milljarða – 6.11
- Dregur úr hagvexti – 22.11
- Ný íbúðatalning SI haust 2018 – 3.10
- Gjaldeyrissköpun – 27.09
- Ein af hverjum fjórum – 28.08
- Vinnumarkaðurinn – 29.06
- Rétti tíminn fyrir fjárfestingar – 13.06
- Lóðir á höfuðborgarsvæðinu – 24.05
- Tafir sem kosta – 23.05
- Umferðartafir – 22.05




Vefur SI

Á árinu voru settar inn 602 fréttir í samanburði við 486 fréttir árið á undan og 280 fréttir árið þar á undan. Umfang fréttar á vefnum hefur vaxið um 24% milli ára. Vefurinn fékk 125.591 heimsókn og notendur á árinu voru 68.021. Í greiningu fyrir heimsóknir á vef samtakanna kemur í ljós að flestar heimsóknir eru á þriðjudögum, 70% heimsóknar koma frá tölvum, 24% frá snjallsímum og 6% frá spjaldtölvum. Fréttasafnið á vefnum er vinsælasti síðuflokkurinn. Fjöldi flettinga var 250.579 á árinu og þar af 77.469 eða 31% í fréttasafninu.





Heimsóknir á vef SI eftir tækjum



Samfélagsmiðlar

Samtök iðnaðarins eru á **Facebook** þar sem tæplega 3.700 líkar við samtökin. Á árinu voru settar inn 344 færslur sem hver náðu til allt frá nokkur hundruð einstaklinga til nokkra tugi þúsunda.

Einnig eru Samtök iðnaðarins með ásýnd á **Instagram** þar sem birtar hafa verið myndir með reglubundnum hætti. Á árinu voru birtar 48 myndir og 267 hjörtu voru gefin. Fylgjendur eru 116.



Fréttabréf

Á árinu voru send út 11 rafræn fréttabréf SI. Rafrænt fréttabréf fór út í lok hvers mánaðar á félagsmenn að undanskildum júlímánuði.


Vimeo

Samtök iðnaðarins eru með Vimeo aðgang þar sem geymd eru 138 myndbönd. Á árinu voru sett inn 27 myndbönd og spilanir á myndböndin voru samtals 1.742.



Samtök iðnaðarins voru mjög sýnileg í fjölmiðlum á árinu en um var að ræða 926 fréttir/greinar í fjölmiðlum. Mest var umfjöllun í netmiðlum eða 53% og prentmiðlum eða 34%. Birtingar í sjónvarpi/útvarpi og á sérvefjum voru 13%.

- Netmiðlar (491)



Starfsmenn SI

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins við útgáfu skýrslunnar.



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI



Berglind Guðjónsdóttir,
skrifstofuumsjón



Björg Ásta Þórðardóttir,
lögfræðingur



Guðrún Birna Jörgensen,
viðskiptastjóri á framleiðslusviði



Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á framleiðslusviði



Ingólfur Bender,
aðalhogfræðingur



Lárus M. K. Ólafsson,
viðskiptastjóri á framleiðslusviði



Margrét Kristín Sigurðardóttir,
almannatengsla- og samskiptastjóri



Ragnheiður Héðinsdóttir,
viðskiptastjóri matvælaíðnaðar
á framleiðslusviði



Edda Björk Ragnarsdóttir,
viðskiptastjóri á hugverkasviði



Eyrún Arnarsdóttir,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Friðrik Á. Ólafsson,
viðskiptastjóri byggingariðnaðar
á mannvirkjasviði



Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs



Jóhanna Vigdís Arnardóttir,
verkefnastjóri í menntamálum



Kristján Daniel Sigurbergsson
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri hugverkasviðs



Vilhjálmur Hilmarsson,
sérfræðingur í greiningum



Einn af
hverjum fimm
starfar í iðnaði



Iðnaður skapar
fjórðung landsfram-
leiðslunnar



Iðnaður
skapar 30%
gjaldeyriskna



Iðnaður skapar 33%
af veltu fyrirtækja
í landinu



Iðnaður stendur
að baki þriðjung
hagvaxtarins



25
ára
1994
2019



Samtök
iðnaðarins